

CapitalHotels ehf.
B.t. Árna Vals Sólonssonar/Maíra Abatayguara Koch
Suðurhlíð 35d
105 Reykjavík

City Park Hótel ehf.
B.t. Árna Vals Sólonssonar/Maíra Abatayguara Koch
Suðurhlíð 35d
105 Reykjavík

Hótelkeðjan ehf.
B.t. Árna Vals Sólonssonar/Maíra Abatayguara Koch
Austurstræti 6
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. maí 2019

Varðar: Uppsögn launakjara

Til Eflingar - stéttarfélags hafa leitað starfsmenn CapitalHotels ehf., City Park Hótel ehf. og Hótelkeðjunnar ehf. Með bréfi dags. 29. apríl sl. var öllum starfsmönnum hótélanna sagt upp gildandi launakjörum. Gerðar eru athugasemdir við bréfið og aðra starfshætti hjá hótélunum í eftirfarandi fjórum atriðum:

1)

Varðandi breytingar á ráðningarkjörum starfsmanna, svo sem yfirborganir, gilda þær reglur að þeim verður að segja upp með lög- og kjarasamningsbundnum uppsagnarfresti. Er því í raun um uppsögn að ræða með boði um starf á breyttum kjörum. Starfsmaður þarf því ekki að una þessum breytingum og kjósi hann ekki að gera það leiðir það til þess að hann hættir störfum við lok uppsagnarfrests. Stéttarfélagið lítur enn fremur svo á að um uppsagnirnar gildi lög nr. 63/2000 um hópuppsagnir enda er verið að segja upp ráðningarkjörum allra starfsmanna hótélanna. Í ljósi þess að ekki var gætt ákvæða umræddra laga við uppsagnir starfsmannanna er litið svo á að uppsagnirnar séu ógildar.

2)

Efling - stéttarfélag gerir verulega athugasemd við tímasetningu uppsagnanna og telur að um sé að ræða aðför að nýsamþykktum kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins. Í gildi er kjarasamningur á milli Eflingar - stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins sem kveður á um launahækkanir sem ætlað er að færa þeim launamönnum sem starfa undir honum kjarabót. Að segja upp launakjörum starfsmanna umfram lágmarkskjör kjarasamnings, svo sem gert er í tilfelli starfsmanna CapitalHotels ehf., City Park Hótel ehf. og Hótelkeðjunnar ehf., á sama tíma og umræddar samningsbundnar kjarabætur eiga að koma til framkvæmda er að mati Eflingar siðlaust og andstætt markmiðum kjarasamningsgerðar. Framganga forsvarsmanna hótélanna felur í sér ögrun við þann frið sem undirritun kjarasamninga er ætlað að skapa og verður ekki við unað við slíkt. Stéttarfélagið mun senda afrit af bréfi þessu til framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins og óska eftir viðræðum um málið.

3)

Í uppsagnarbréfum dags. 29. apríl sl. er kveðið á um nýtt greiðslukerfi sem á að fara eftir reynslu, starfstíma og stéttarfélagssaðild. Félaginu er ekki ljóst hvað átt er við með framangreindri vísun í stéttarfélagssaðild. Efling fer eitt stéttarfélag með samningsumboð fyrir starfsfólk í herbergisþrifum, í eldhúsum og á veitingastöðum hótela í Reykjavík. Rétt er að benda á að skv. 4. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur er atvinnurekendum óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmalaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmalafélögum eða vinnudeilum með uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn eða með fjárgreiðslum, loforðum um hagnað eða neitunum á réttmætum greiðslum. Brot á ákvæðum laganna varða auk skaðabóta sektum.

4)


Stéttarfélagið hefur fengið til skoðunar ráðningarsamninga nokkurra starfsmanna hótelanna. Þar kemur m.a. fram að starfsmaður sé ráðinn í 80-100% starf og hakað er við að um fullt starf sé að ræða. Fullt starf skv. ákvæðum gildandi kjarasamnings er 173,33 klst. sbr. ákvæði 1.4. Starfsmenn skulu ávallt ráðnir í ákveðið starfshlutfall og því getur starfshlutfall ekki breyst fyrirvaralaust á milli mánaða. Vísast hér til ákvæða 1.13.4. og 3.1.3. í kjarasamningi. Atvinnurekanda ber ávallt að greiða starfsmanni í samræmi við það starfshlutfall sem hann er ráðinn í. Félagið lítur svo á að í ofangreindum tilvikum sé starfsmaður ráðinn í 100% starf og beri að fá greidd laun í samræmi við það. Hyggist hótelin breyta starfshlutfalli ber þeim að tilkynna starfsmanni það með lögbundnum fyrirvara.

Með vísan til alls framangreinds er skorað á fyrirtækið að fara að ákvæðum laga og kjarasamninga sem og að virða markmið kjarasamninga. Nánar tiltekið er þess krafist að uppsagnir sem lýst er í bréfi til starfsmanna dags. 29. apríl sl. verði dregnar til baka þar eð þær standast hvorki kröfur laga né siðferðis. Er þess krafist að þær verði dregnar til baka skriflega eða með öðrum sannanlegum hætti þannig að allir starfsmenn séu að fullu upplýstir. Félagið óskar staðfestingar á að uppsagnirnar hafi verið dregnar til baka innan 7 daga frá dagsetningu bréfs þessa.

Ítrekað skal að félagið lítur svo á að uppsagnirnar séu ógildar og áskilur sér rétt til að setja fram launakröfur fyrir hönd starfsfólks hótelanna verði gildandi ráðningarkjör ekki að fullu virt.

Virðingarfyllt

f.h. Eflingar-stéttarfélags


Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri

Afrit sent Samtökum atvinnulífsins